

Haust / Autumn

Samsýning / Group Exhibition

29. ágúst - 18. október / August 29th - October 18th 2015

Arna Valsdóttir
Arnar Ómarsson
Baldvín Ringsted
Bergþór Morthens
Björg Eiríksdóttir
Eiríkur Arnar Magnússon
Freyja Reynisdóttir
Guðmundur Ármann Sigurjónsson
Guðrún Þórisdóttir
Gunnhildur Helgadóttir
Heiðís Hólm
Hekla Björt Helgadóttir
Helga Pálína Brynjólfsdóttir
Joris Rademaker
Jóna Hlíf Halldórsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Klængur Gunnarsson
Marina Rees
Ragnheiður Þórsdóttir
Rannveig Helgadóttir
Rósa Sigrún Jónsdóttir
Rósa Júlíusdóttir
Sam Rees
Stefán Boulter
Unnur Óttarsdóttir
Victor Ocares
Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir
Þóra Sigurðardóttir
Þórarinn Blöndal
Þórgunnur Oddsdóttir



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson
Dómnefnd: Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Alice Liu, Arndís Bergsdóttir, Hlynur Hallsson og Ólöf Sigurðardóttir

Útgefandi: Listasafnið á Akureyri
Hönnun: Geimstofan
Prentun: Prentsmiðjan.is
Ljósmyndir: Daníel Starrason og Völundur Jónsson
Forsíðumynd: Þórgunnur Oddsdóttir
Ensk þýðing: Eygló Svala Arnarsdóttir

ISBN 978-9979-9955-6-2



Bakhjarlar / Sponsors



INNGANGUR

Haustsýningar voru lengi fastur liður í sýningarhaldi bæði hér á landi og erlendis og lifa víða góðu lífi enn. Á Haustsýningu Listasafnsins á Akureyri er nú tekin upp sú góða hefð að sýna hvað listamenn á svæðinu eru að fást við.

Sýningin endurspeglar þá fjölbreyttu flóru myndlistar sem unnið er að á Norðurlandi. Efnistöð, hugmyndir og aðferðir eru ólík og hér gefur að líta teikningar, málverk, skúlpúta, myndbandsverk, bókverk, ljósmyndaverk og textílverk svo eitthvað sé nefnt.

Á sýningunni fáum við innsýn í það sem 30 myndlistarmenn hafa unnið að síðustu misserin. Sumt kemur vonandi á óvart en annað kannast einhverjir, sem eru duglegir að fara á sýningar, betur við. Allir eiga listamennirnir það sameiginlegt að tengjast Norðurlandi á einn eða annan hátt. En er það fleira sem sameinar þessa listamenn? Eða er eitthvað eitt sem hægt er að sjá sem rauðan þráð í gegnum öll verkin? Hvað einkennir norðlenska myndlist?

Stefnt er að því að Haustsýning Listasafnsins á Akureyri verði tvíæringur og fróðlegt verður að sjá þróun í verkum listamanna, bera saman sýningar og velta fyrir sér stefnum og straumum.

Hér eru samankomin yfir 60 verk sem vonandi gefa einhver svör en vekja fyrst og fremst áhugaverðar spurningar.

Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Autumn exhibitions have long been a fixed feature on the calendar of art galleries both in Iceland and abroad, and Akureyri Art Museum has now adopted the good tradition of displaying the works of local artists in its autumn exhibitions.

The 2015 Autumn Exhibition reflects the diverse combination of visual art being created in North Iceland. Subject matters, ideas and methods are different and here drawings, paintings, sculptures, video works, book art, photography and textile works are being displayed, to name but a few items. The exhibition provides insight into what 30 artists are creating and have been working on in the past months and years. While certain visitors – who are regulars at exhibitions – will be familiar with some of the artworks, there will be a few surprises, too.

All of the participating artists are connected with North Iceland in one way or the other. Are there other aspects, which unify these artists; something, which can be seen as a red thread in all of their works? Perhaps something characteristic of North Icelandic visual art?

The goal is for the Akureyri Art Museum's Autumn Exhibition to become a biennale and it will be interesting to observe how the works of the artists will develop between exhibitions, compare the works and ponder trends and inspirations.

Here, more than 60 works of art are exhibited, which will hopefully provide for some answers but first and foremost raise interesting questions.

Hlynur Hallsson, Akureyri Art Museum Director.



Arna Valsdóttir 1963

VATNIÐ SYNGUR, 3. HLUTI 2015

Vídeó / Video



Arnar Ómarsson 1986

ÉG VIL LIFA AÐ EILÍFU 2015

Sýndarveruleikabáttur, innsetning / Virtual reality TV, installation



Baldvin Ringsted 1974

BIRD 2014

Blekpenni á fundin nótnahefti / Ink pen on found music books



Bergþór Morthens 1979

ÁHYGGJUEFNI FYRIR SAMFÉLAGIÐ ALLT 2015

Olía og úríthan á MDF / Oil and urithane on MDF

THERE IS NO-ONE ON THE WORLD STAGE WHO CAN COMPETE WITH ME 2015

WHEN YOU CAN'T MAKE THEM SEE THE LIGHT, MAKE THEM FEEL THE HEAT 2015

THERE'S NO SUCH THING AS A SOCIETY 2015

Vatnslitir, akrýl og olía á pappír og MDF / Watercolor, acrylic and oil on paper and MDF



Björg Eiríksdóttir 1967

VEISTU HVÆÐ MIG DREYMDI? 2014

Útsaumur og þrykk á fánaefni / Embroidery and print on flag-fabric (canvas)

10 ÁRUM ELDRI Á 10 VIKUM 2012


Útsaumur í bók / Embroidery in a book



Eiríkur Arnar Magnússon 1975

BÆKR VORU 2014

Blönduð tækni / Mixed media



Freyja Reynisdóttir 1989

WISEM 2015

Vídeó / Video



Guðmundur Ármann Sigurjónsson 1944

TINDUR 2014

Olía á léreft / Oil on canvas

SKRIÐJÖKULL 2014

Olía á léreft / Oil on canvas



Guðrún Þórisdóttir 1971

SKUGGAMYNDIR 2013

Blönduð tækni / Mixed media



Gunnhildur Helgadóttir 1980

TUNGUMÁL 2014

Handmótaður rauðleir / holubrennsla / Handmolded red clay / pit firing



Heiðís Hólm 1991

BREYTTAR ÁHERSLUR 2015

Akrýl, lakk og glimmer á krossvið / Acrylic, varnish and sparkles on plywood

FRELSUN 2015

Akrýl, lakk og glimmer á krossvið / Acrylic, varnish and sparkles on plywood



Hekla Björt Helgadóttir 1985

ÁRABÁTUR PÍPUHATTUR 2014

Blönduð tækni / Mixed media

HÁSÆTI 2014

Blönduð tækni / Mixed media



Helga Pálína Brynjólfsdóttir 1953

TVÆR KYNSLÓÐIR 2014

Hörþráður um spýtnabúta, gamlan og nýjan / Linen thread around wood, old and new

RAUÐUR FERNINGUR 2001

Handþrykkt á pappír / Hand-printed on paper



Ingibjörg Guðmundsdóttir 1980

REACTION OF DWELLING IN EXPANDED SURROUNDING OF THE INNER 2013

Salt- og víðarbrenndur steinleir og konunglegt postulín / Stoneware and royal porcelain



Joris Rademaker 1958

ÞREP 2014

Skúlpturn / Sculpture

REKINN Á LAND 2014


Skúlpturn / Sculpture



Jóna Hlíf Halldórsdóttir 1978

GEGGJAÐ BRJÁLAÐ SJÚKLEGT ÆÐI 2013

Pappírsværk / Paper work



Klængur Gunnarsson 1985

HYLLING 2015

Vídeó / Video

KOMMA (,) 2015

Blönduð tækni / Mixed media



Marina Rees 1981

MOUNTAIN SPIRITS 2014


Blek á pappír / Ink on paper

COCOON 2014

Blek á pappír / Ink on paper

CREVASSESS AND UNTOLD STORIES 2015

Fundið hvalbein, viðarkol / Found deformed whale bone, charred conifer wood



Ragnheiður Björk Þórsdóttir 1958

UMBREYTING 2011

Vefnaður í daladregilstækni / Weaving in "Daladregill" technique



Rannveig Helgadóttir 1971

HEILÖG MANDALA 2014

Akrýl á striga / Acrylic on canvas



Rósa Júlíusdóttir 1945

UNDIR YFIRBORÐINU 2011

Akrýl á grisju og útsaumur / Acrylic on gauze and embroidery



Rósa Sigrún Jónsdóttir 1962

HÁRSBREIDD 2015

Mannshár í pappír / Human hair in paper

ÁI 2015

Ljósmynd / Photograph



Sam Rees 1981

CHIHUAHOUSE 2011

Klippimynd og teikning / Collage and drawing

THIS IS IT, THE BEST DRAWING IN THE SHOW 2009

Teikning / Drawing



Stefán Boulter 1970

FINNUR 2015

Olía á striga / Oil on canvas

ARON 2013

Olía á striga / Oil on canvas



Unnur Óttarsdóttir 1962

ENDURVARP 2015

Speglar í viðarkössum / Mirrors in wooden boxes



Victor Ocares 1986

BINARY #1, #6, #9 2015

Innsetning / Installation



Þóra Sigurðardóttir 1954

TEIKNING 2015

Prent / Print



Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir 1975

ODE TO NATURE 2015

Vídeó / Video performance / installation



Þórarinn Blöndal 1966

ENDURGERÐ – leitin að þóesiunni heldur áfram 2015

Skúlpúr og ljósmynd / Sculpture and photograph



Þórgunnur Oddsdóttir 1981

ÞÝSKIR VARÐTURNAR 2014

Ljósmyndir af skúlpúrum sem unnir voru úr greinum og skógarkurli úr Volkspark Friedrichshain í Berlín /
Photographs of sculptures made of branches and wood ships from Volkspark Friedrichshain, Berlin

SAFN 2009

Fundnir munir og skáldskapur í kassa / Found objects and fiction in a box

Arna Valsdóttir

Innsetningin er byggð á verki sem Arna vann fyrir sýninguna *Vatnsberinn - Fjall + Kona* í Ásmundarsafni, Listasafni Reykjavíkur vorið 2015. Það verk vann hún sérstaklega inn í kúlu safnsins. Verkið var unnið í tveim hlutum og sá seinni sýndur þegar leið á sýningartímann.

Vatnið syngur er unnið út frá verki Ásmundar Sveinssonar *Vatnsberinn* en tengist hugmyndafræðilega sönggjörningi sem Arna flutti árið 1999 í Listasafninu á Akureyri. Það verk heitir *Vatnið vill syngja* og var unnið út frá þeirri staðreynd að mannslíkaminn er 70% vatn. Sönglínan í verkinu *Vatnið syngur* varð til á því augnabliki sem Arna snerti hafflöt og kveikt var á tókuvél.

Arnar Ómarsson

Verkið er stafrænn sýndarveruleikapáttur sem gerist á framandi sólarströnd og fjallar um stafræna þrívíddareftirmynd af höfundinum sem tekst á við þá raun að verða mennskur. Það vekur upp hugmyndir um gervigreind og meðvitund verunnar í einskona gjörningi þegar listamaðurinn afritar sig og kennir verunni um mennskt eðli. Hér fjallar Arnar um eðli mannsins og samband hans við umhverfið. Verkið fær lánað útlit draumaeyjunnar þar sem heitir vindar, volgur sjór og heiðskýr himinn tákna hið fullkomna líf. Það er mikilvæg tenging okkar mannanna við eigin veruleikaflóttu.

Baldvin Ringsted

Baldvin: „Tónlist eða hljóð hefur einhvern veginn alltaf verið meginþema í minni myndlist og hér nálgast ég það viðfangsefni aðallega út frá sjónrænni fagurfræði. Með því að strika yfir, og þar með útmá þær upplýsingar sem alla jafna mætti lesa og túlka með hljóðum, breyti ég þessum blaðsíðum úr lesmáli í myndir. Samt sem áður eru þetta ennþá tónverk, en nú er það undir flytjandanum komið að yfirfæra eða túlka það sem ég hef bætt við hina upprunalegu útgáfu.“

The installation is based on work, which Arna did for an exhibition in the spring of 2015, and was especially made for the curved part of Ásmundarsafn, Reykjavík Art Museum. That piece was made in two parts; the latter one exhibited during the second half of the exhibition period.

Vatnið syngur (e. the water sings) is based on Ásmundur Sveinsson's work *Vatnsberinn* (e. the water bearer) but has an ideological connection to Arna's performance from 1999, exhibited in Akureyri Art Museum. The title of that piece is *Vatnið vill syngja* (e. the water wants to sing) based on the fact that the human body is 70% water. The tune Arna sings in the piece was created at the same moment as she touched the surface of the sea and a camera was turned on.

The work is a digital virtual reality show which takes place on a sunny beach and is about digital three-dimensional replica of the author, who is dealing with the trials of being human. It sparks ideas on artificial intelligence and the consciousness of the being in some kind of performance when the artist copies himself and teaches the being for its human nature. Here, Arnar deals with human nature and its connection with the environment. The piece borrows the look of a paradise island, where hot winds, warm waters and clear skies symbolize the perfect life. It's an important link to the human escape from reality.

Baldvin: "Music or sounds have somehow always been the main theme of my visual art and here I approach the subject mainly from visual aesthetics. By crossing out, and thereby wiping out the information which could otherwise be read and interpreted with sounds, I change these pages from reading material to pictures. Even so, they remain compositions, but now it's up to the performer to transfer or interpret what I have added to the original."

Bergþór Morthens

Verk Bergþórs ögra viðmiðum portrett-hefðarinnar og þaðra við hið gróteska. Viðfangsefnið eru stjórnmálamenn og fólk í valdastöðum, máluð á „hefðbundin“ máta en í stað þess að upphaflega viðfangsefnið eru verkin afar lítil og valin eru augnablik sem eru óþægileg á einhvern máta og samhenginu breytt með miðlun listamannsins. Verkin eru fullunnin í ákveðnum stíl en svo kemur til sögunnar annar still, meira abstrakt og expressjónískur, sem hylur eða eyðileggur upphaflega verkið og skírskotar til þess að grýta tertu í andlit einhvers sem pólitísk mótmæli en vísar einnig til athafnamálverksins (e. action painting).

Björg Eiríksdóttir

10 árum eldri á 10 vikum

Björg: „Um árið kom út bók sem heitir *10 árum yngri á 10 vikum* og varð metsölubók. En gæti ekki verið eftirsóknarvert að verða eldri? Ég spurði þroskað fólk um hvað gerði mann eldri og þroskaðari. Orð þeirra eru saumuð í bókina sem er gömul ástarsaga þar sem kaflanúmerum er haldið og einstaka orðum.“

Hvað dreymdi þig?

Björg: „Í æsku spjölluðum við vinkonurnar oft um drauma á daglegri leið okkar í skólann. Í verkinu má sjá ták fyrir göturnar sem við gengum; Beykilund, Grenilund, Skógarlund, Mýrarveg og Hrafnagilsstræti. Grunnurinn í þessu verki eru fáanar sem hengu yfir Listagilinu sumarið 2012.“

Eiríkur Arnar Magnússon

Eiríkur Arnar: „Verkið er hluti af seríunni *Bækr voru* en þar leitast ég við að upphaflega gamalt handbragð og gefa því nýjan tilgang í formi skúlptúr-bókverka. Ég vildi gefa verkunum fornt yfirbragð og göfuga hverfult handbragðið sem maðurinn hefur notað í aldanna rás og byggja því musteri. Bókataurnir standa naktir og leyndardómur handverksins, öllum til sýnis.“

Bergþór's art challenges the criteria of the portrait tradition and flirts with the grotesque. The subjects are politicians and people with power, painted in a 'traditional' way, but instead of glorifying the subjects, the works are very small. The moments that were chosen are awkward in some way, and the context is changed through the artist's presentation. After the works have been completed in a certain style, another, more abstract and expressionist style is introduced, which covers or destroys the original work and references throwing a pie in someone's face, as an act of political protest, and also the action painting.

10 years older in 10 weeks

Björg: “A few years ago a book, with the title *10 years younger in 10 weeks*, was published and became a bestseller. But couldn't it be desirable to become older? I asked a few mature individuals about what made us older and wiser. Their words are embroidered into the book, which is an old romance novel where I let the chapter numbers stand and an occasional word.”

What did you dream?

Björg: “In my youth my girlfriends and I often talked about dreams, on our way to school. The work shows symbols for the streets that we walked; Beykilund, Grenilund, Skógarlund, Mýrarveg and Hrafnagilsstræti. The base for the work is a flag that hung above Listagil during the summer of 2012.”

Eiríkur Arnar: “This piece is a part of the series *Bækr voru* (*Books were*), where I attempt to elevate old workmanship and give it a new purpose in the form of sculpture-book art. I wanted to give the works an ancient appearance and dignify the fleeting craftsmanship man has used through the centuries, and build a temple in its honour. The book towers stand naked and the mystery of the craft is revealed, for everyone to see.”

Freyja Reynisdóttir

Visem: vangaveltur um hugsunarferli.

Fjölmargin leiðir hafa verið farnar til að skilgreina skynjun. Samkvæmt Biederman eru frumþættir allra mynda, einföld tvívíð og þrívíð form, nefnd *geón*. Séu nægar upplýsingar til staðar til að greina eitthvað í geón er hægt að greina sjálfan hlutinn. En smæstu merkingargreinandi einingar tungumálsins nefnast hins vegar fónem. Hljóðkerfi hvers tungumáls er byggt upp af þessum fónemum, sem við heyrum þó aldrei sem slík, því þau eru huglægar eindir í kerfinu. Visem er heild, úr hljóðrænu og myndrænu tungumáli Freyju Reynisdóttur, þar sem huglæg brot og abstrakt eindir mynda einingu hennar.

Guðmundur Ármann Sigurjónsson

Guðmundur Ármann: „Vatnslitamyndir eru jafn náttúrufrúverðugar og efniviðurinn sem og geta þess sem heldur á penslinum gefa möguleika til. Að mála úti undir berum himni er afar gefandi og skerpir athyglina til fullnustu. Olíumálverkin eru unnin á vinnustofunni með þessar vatnslitamyndir í bakgrunni, þar sem litasamsetningar og formspil náttúrunnar er fært í nokkuð strangari myndbyggingu og brugðið á leik. „Myndlistin býr yfir samræmi hliðstæðu náttúrunni“, er haft eftir Cézanne þegar hann leyfði sér að hnika réttir fjarvídd, einfalda myndefnið og færa undir grunnformin. Nokkuð í þessum anda eru málverkin máluð og jafnvel gengið enn lengra í að brjóta upp form náttúrunnar.“

Guðrún Þórisdóttir

Guðrún: „Verkin eru unnin með blandaðri tækni þar sem virinn fær hlutverk bleksins í skyssugerð. Hugmyndin er að vinna verkin á sama hátt og skyssur en leyfa skuggunum af verkunum að fullskapa myndina.“

Visem: reflections on the processes of thought.

Perception has been defined in many different ways. According to Biederman, the primary elements in all pictures are simple two-dimensional and three-dimensional forms called ‘geons’. The smallest contrastive linguistic unit which may bring about a change of meaning, is called ‘phoneme’. The vocal system of languages is built up of these ‘phonemes’, which we never hear as such, because they are metaphysical units within the system. ‘Visem’ is a whole, created within the auidial and visual factors of Freyja’s language, where subjective fractures and abstract particles form the entity.

Guðmundur Ármann: “Watercolor paintings are as naturally realistic as the method used and the skills of the one holding the brush will allow. To paint outside in nature is very rewarding and fully sharpens one’s attention. The oil paintings are done in the studio with watercolor paintings in the background, where the color coordination and nature’s forms are placed in a somewhat stricter composition and played with. Cézanne is quoted as saying ‘Art is a harmony parallel with nature’ when he allowed himself to nudge a correct perspective, simplifying the subject and bring it into basic forms. These painting are done in this spirit and nature’s forms rearranged even more.”

Guðrún: “My artworks are done in mixed media where the wire takes the role of ink in sketching. The idea is to create them in the same manner as sketches but allowing the shadows to finalise the picture.”

Gunnhildur Helgadóttir

Tungurnar eru úr rauðleir, handmótaðar, holubrenndar og því eru engar eins. Stingdu *Tungumálinu* í vasann og taktu það með út í náttúruna svo þú getir fengið þér sopa úr læknum. Slepptu plastflöskunni! Slepptu því að burðast með vatn á bakinu! Gleymist tungumálið úti í náttúrunni eins og gjarnan vill gerast í amstri dagsins, þarf vart að örvænta þar sem vandfundnir eru þeir hlutir sem eiga betur með að sameinast móður jörð en leir. *Tungumálið* kemur í einföldum trékassa, sem er hengdur uppá vegg og er þannig sett fram sem myndverk, þangað til náttúran er heimsótt aftur.

Heiðdís Hólm

Heiðdís þreifar eftir tilvist sinni í gegnum myndlistina. Verk hennar eru oft sjálfsævisöguleg, pólitísk og yfirleitt sjálfsmyndir að einhverju leyti. Hún kannar breytileika hins stöðuga málverks með nýjum eða óhefðbundnum efnum sem umbreytast með breytingu ljóss, tíma og staðsetningu áhorfandans.

Með verkunum er listamaðurinn að reyna að bæta upp fyrir að hafa ekki tekið þátt í #freethenipple herferðinni (frelsum geirvörtuna) sem fór fram á samfélagsmiðlum í apríl 2015. Þrátt fyrir að vera einungis tuttugu og þriggja ára leið henni eins og hún væri of gömul til að taka þann slag og reynir nú að fela órókrétt samviskubitið með því að koma geirvörtum nútímakvenna á Listasafnið.

Hekla Björt Helgadóttir

Það eru margar birtingarmyndir ljóða. Í bundnu eða óbundnu máli, með stuðlum, höfuðstöfum, eða algjöru frelsi. Ljóð geta líka orðið málverk, klippt og skorin, tónverk og líkamleg tjáning. Svo eru alltaf ljóð sem aldrei verða lesin. Það eru ljóð skúffu-skáldsins, leynilega skrifuð og geymd í þögn. Verkin tvö eru einmitt ljóð sem hvíla í skúffum, sem þrívíðar allegoríur. Og í þetta sinn geturðu séð þau... og þú getur ímyndað þér...

The tongues are made of red clay, hand-molded and therefore unique. Put the *Tongue* in your pocket and take it with you into the wild so you can have a sip of water from the stream. Skip the plastic bottle! Skip the heavy load of water on your back! If you lose your tongue – do not despair – clay unites with mother earth more easily than most things. *Tounge* comes in a simple wooden box, which can be hung on a wall and is in that way presented as artwork, until nature is visited again.

Heiðdís fumbles for her existence through visual art. Her works are often autobiographical, political and generally self-portraits to some extent. She explores the variations of the absolute painting with new or unconventional materials, which are, transformed with changes in light, time and the position of the viewer.

Through these works the artist is trying to make up for not participating in #freethenipple campaign in April 2015. In spite of being only twenty three years of age, she felt that she was too old to fight this battle and tries now to hide her illogically bad conscience by getting the nipples of modern women into the Museum.

Poetry has many manifestations. Poem or prose, with alliterations, alliterative sounds, or absolute freedom. Poetry can also become a painting, cut up and sliced, musical composition and physical expression. Then there is poetry, which is never to be read. This is the poetry of the drawer poet, written in secret and kept in silence. These two artworks are namely poems kept in drawers, as three-dimensional allegories. And this time you can see them... and you can imagine...

Helga Pálína Brynjólfsdóttir

Helga Pálína: „Verk mín eru oft eins og ljóð án orða. Ég leik mér með myndbyggingu og liti, form og áferð.“

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Ingibjörg: „List mín sprettur aðallega af þemabundnum hugsunum, tilfinningum og skynrænum upplifunum af mínu nánasta umhverfi. Ég er safnari; týni upp hluti og fanga hugmyndir sem ná athygli minni. Hugmyndirnar eiga oft uppruna sinn í persónulegri fortíð og minningum, undirmeðvitund minni og tilveru. Þær geta myndgerst af viðfangsefnum daglegs lífs sem einhvern veginn vekja þær upp. Ég er fremur opin fyrir umhverfinu og vakandi fyrir áhrifum þess á mig og verkin mín. En stundum held ég til í höfðinu á mér og eru þá verkin því marki brennd.“

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

Verkið samanstendur af tveimur pappírsörkum: önnur er blá, hin svört. Í svörtu örkina hafa orð verið handskorin og stafirnir reistir upp, þannig að litir bláu arkarinnar sjást aftan við orðin. Orðin sem eru valin í verkið eru ýmis algeng orð sem Íslendingar nota daglega yfir hið alíslenska stuð og tengjast einnig geðsjúkdómum. Tvíræðni orðanna í verkinu vekur upp spurningar um tengsl hugsýkinnar við eðli skemmtunarinnar, og öfugt. Þannig endurspeglar verkið hina þjóðlegu bjartsýni í hnotskurn.

Í verkum sínum hefur Jóna Hlíf unnið með ólíka miðla: vídeó, skúlptúra, ljósmyndir, pappírsverk og texta. Undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að textaverkum. Hún lauk MFA gráðu frá Glasgow School of Art árið 2007. Hún starfar sem formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna, auk þess að vinna að eigin myndlist.

Helga Pálína: “My works are often like poems without words. I play with the composition of pictures and colours, forms and textures.”

Ingibjörg: “The main sources for my art are thematic thoughts, feelings and sensual perceptions of my surroundings. I am a collector; pick up things and capture ideas that attract my attention. The ideas often have their origins in personal history and memories, from my subconscious and my existence. They can appear from motifs and motion in everyday life that somehow wakes them up. I am rather open to my surroundings and notice that the environment influences me and my work. But sometimes I spend a lot of time in my head and then my works are marked by that.”

Halldórsdóttir’s work is made with two paper arcs: one is black and the other blue. In the black arc words have been hand cut and the letters pulled back, so that the blue arc’s colour can be seen beneath. The words chosen for the work are various common words that Icelanders use to represent what constitutes as ‘stuð’ (Icelandic for fun or party), but which are also used to describe psychosis. The dual meaning of the words raises questions about the connections of psychiatric diseases to the nature of partying, and vice versa. In that way the work, in a nutshell, depicts the national optimism.

In her works, Halldórsdóttir has worked with different media: videos, sculptures, photographs, paper works and texts. For the past years she has focused on text works. She finished an MFA degree from Glasgow School of Art in 2007. She is currently working as Chairman of the Board for the Association of Icelandic Visual Artists, along with working on her art.

Joris Rademaker

Stór hluti verka Jorisar er unninn sem röð eða sería, þó hvert verk innan raðarinnar geti vissulega einnig staðið eitt og sér. Í syrpunni býr tilfinning fyrir eins konar sögu eða framhaldi sem gefur til kynna hvernig hugmyndin er þaulunnin og útfærð á alla mögulega vegu í einkennilegu samspili formfestu og óreglu. Í þessu kemur einnig vel fram sú nákvæmnisvinna sem felst í því hvernig Joris vinnur með hugmyndir og form og skilar sér jafnt í magnaðri heild mergðarinnar og sláandi verkum. Hvert einstakt verk ber með sér sögu margvíslegra tilrauna og nákvæmrar útfærslu og þessi saga skilar sér svo áfram í næsta þema, hlut eða formi sem listamaðurinn vinnur með.

Á þennan hátt hefur Joris unnið raðir ýmiss konar verka sem velflest eiga það sameiginlegt að leysa upp föst form og skapa hreyfingu.

Úr texta Úlfhildar Dagsdóttur í sýningarskrá AÐKOMUMADUR 2010

Klængur Gunnarsson 1985

Hylling

Snjóhaugar til vetrarljóssins og biðstaða. Stoppið og sundið, endurtekningin og letin.

Komma (,)

Kommur vetrarins.

Marina Rees

Marina: „Mín listsköpun hefur alltaf verið innblásin af náttúrufræði og sambandi okkar við hana. Verkin geta verið unnin í mismunandi miðla s.s. skúlptúra, teikningar og innsetningar. Frá því að ég flutti til Íslands, fyrir tveimur árum, hef ég haft sérstakan áhuga á skilningi okkar á hinu efnislega, formum og áferð náttúrulegra þátta sem og leyndardómum landslags, en einnig hinu ósýnilega í landslaginu og ómennskum verum.“

Rows of images create an impression of a sequence that indicates how the idea is thoroughly worked through in a variety of works balancing regularity and disorder. Each work carries with it the history of fruitful experimentation and precise implementation and this history carries over into the next theme, object or form. Joris has, in this way, produced rows of a variety of works that have in common the dissolution of tight forms and the suggestion of perpetual motion. This feeling of motion is captured using organic matter such as food: spaghetti and potatoes that offer organic forms and lines, representing a strange kind of (dis) order that is packed with life.

From Úlfhildur Dagsdóttir's text in the catalogue for AÐKOMUMADUR 2010

Applause

Mounds of snow for the winter light and limbo. The pause and the swim, the repetition and the idleness.

Comma (,)

The commas of winter.

Marina: “My art practice has always been inspired by natural history and our relationship with it. The work may present itself in a variety of media including sculpture, drawing and installation. Since moving to Iceland two years ago I have been particularly interested in our perceptions of materiality, forms and textures of natural elements, as well as the secrets and the unseen in a landscape and non-human beings.”

Ragnheiður Björk Þórsdóttir

Ragnheiður Björk: „Menningararfur okkar Íslendinga í myndlist og textíl er mér hugleikinn. Ég nýti mér gjarnan þennan, oft svo ósýnilega, auð þegar ég vef textílvörk. Undanfarnin ár hef ég meðal annars unnið að verkum sem ofin eru með einni elstu vefnaðartækni sem notuð var hér á landi; röggvarfeldsaðferðinni. Einnig hef ég unnið að verki með tækni íslenska glitsins sem spröttin eru upp úr gömlu söðuláklæðunum og verk út frá borðdúkamunstrum sem mæður okkar og ömmur ófu. Þau set ég upp á vegg þeim til heiðurs.“

Rannveig Helgadóttir

Mandala er reglubundin formgerð unnin út frá möndli og myndar munstur. Orðið mandala kemur úr sanskrít og merkir „heilagur hringur“ eða „hringur eilífðarinnar“. Mandala er einskonaár tákni alheimsins og Guðseðlisins. Í þúsundir ára hafa frumbyggjar Norður-Ameríku, hindúar og búddistar notað mandölu í hugleiðslu til að skerpa meðvitund sína og koma á samræmi líkama, hugar og anda. Skilgreining mandölu er að finna í vísindum, trúarbrögðum og list.

Rósa Júlíusdóttir

Rósa: „Af hverju að búa til myndverk úr þunnu klæði (bómullar-grisju) og nota nál og þráð en ekki mála á striga? Eftir að hafa lært málun leitaði ég fljótt í aðra miðla, mjúkt klæði, nál og þráð, útsaum; miðla sem einkenndu frekar handverk kvenna. Ef til vill eru það minningar úr æsku, konur að sauma, mæður, ömmur, eða ef til vill líkamleg og sjónræn ánægja/unun sem fylgir því að vinna með þunnt klæði, og nota þráð og nál. Markmiðið er þó líklega það sama; að snerta skilningarvitin.“

Ragnheiður Björk: “I’m fond of the Icelandic cultural heritage in visual art and textile. I often take advantage of this, sometimes invisible, treasure when I weave a textile work. In the past years I have worked on textile art woven with one of the oldest weaving techniques in Iceland, the ‘röggvarfeldur’ technique. I have also worked on art using the Icelandic ‘glit’ technique, which originates in the cloths for the old women’s saddles, and used the table cloth patterns which our mothers and grandmothers wove. I hang these works on the wall in their honour.”

Mandala is a regular type of form which is made around an axis and creates a pattern. The word ‘mandala’ comes from Sanskrit and means ‘holy circle’ or ‘circle of eternity’. Mandala is a kind of a symbol for the universe and the nature of God. For thousands of years, the native population of North America, Hindus and Buddhists have used mandalas for meditations and for sharpening their consciousness, and to harmonise body, mind and spirit. The definition for a mandala can be found in science, religion and art.

Rósa: “Why make a work of visual art from a thin cloth (cotton gauze) and use a needle and thread instead of painting on canvas? After having studied painting I soon sought other media, soft cloth, needle and thread, embroidery; media which rather characterised women’s handcraft. Perhaps it’s the memories from my youth: women sewing, mothers, grandmothers, or perhaps the sensual and visual enjoyment/pleasure which is a part of working with a thin cloth and use a needle and thread. The goal is most likely the same; to touch the senses.”

Rósa Sigrún Jónsdóttir

Rósa Sigrún: „Ég er alin upp við handavinnu og margvíslega textíliðju móður minnar. Þannig held ég að handverkið sé rótfast í sálu minni og mér finnst áhugavert að reyna á þanþol þessa efniviðar og aðferða sem eiga svo djúpar rætur í menningarheimi kvenna.“

Sam Rees

Allt frá teikningum annarra til listlíkisverka frá skransölum og ómerkilegs drasls af flóamörkuðum. Fundnir hlutir eru undirstaðan sem verkin byggjast í kringum. Með áherslu á jaðarþætti fara verkin ólíkar leiðir, mitt á milli innherja og utanaðkomandi, teiknimyndasögu og listar, góðs smekks og smekkleysu.

Stefán Boulter

Stefán: „Verkin mín eru einskonar andleg dagbók. Þau fjalla bæði um mitt innra líf og það sem er sjáanlegt á striganum. Myndirnar eru þannig persónulegar tákmyndir og þegar vel tekst til skynjar áhorfandinn það sem bindur okkur öll saman sem mannverur, hið sammannlega. Ég hef áhuga á því sem við þekkjum en vitum ekki endilega af hverju við þekkjum það. Handverkið er í mínum huga rödd eða eins og ég kys að kalla það: „tungumál sálarinnar“. Í handverkinu felst innihaldið, það er lykillinn. Ég forðast að nota ták sem eru augljósar vísanir í samtímann. Í verkum mínum skoða ég mitt nánasta umhverfi, sjálfan mig, vini, fjölskyldu, hluti og dýrin sem við deilum lífinu með og þá áru sem mér finnst þau hafa.“

Rósa Sigrún: “I grew up with my mother’s handicraft and diverse textile works. Therefore I believe that handicraft is rooted in my soul and I find it interesting to test the limits of the material and methods which have such deep roots in the cultural heritage of women.”

From other people’s drawings to kitsch materials from pound shops and banal trash from flea markets. Found objects serve as a base for the work to be built around. With a focus on fringe elements, the pieces walk different lines, between insider and outsider, comics and fine art, good taste and bad.

Stefán: “My works are some kind of a mental diary. They both feature my inner life and what is visible on the canvas. In that way, the pictures serve as personified icons, and when I’m successful, the viewer senses what binds us all together as humans, the co-human. I’m interested in what we know but don’t necessarily realise why we know it. In my mind, the craft is a voice, or what I choose to call: ‘language of the soul’. The content lies in the craft – it’s the key. I avoid using symbols which are obvious references to the present. In my works I examine my closest surroundings: myself, my friends and family, the objects and animals we share life with and the aura I believe that they have.”

Unnur Óttarsdóttir

Unnur: „Ég trúi því að allir menn séu tengdir. Megin áhersla *Endurvarps* felst í þeim tengingum sem listaverkið getur kveikt innra með áhorfandanum ásamt tengslum sem verða til milli tveggja einstaklinga þegar þeir takast sameiginlega á við speglunarkassana.“

Victor Ocares

- Athöfnin að mála mynd strípaða litum er eins og bardagi. Blekið leggst ofbeldisfullt á hvítt blaðið og flöturinn fyrirgefur hvorki hik né efa.

- Pappírinn tekur best á móti frumhvötum eins og hlátri, þegar allt hefur verið strípað burt þýðir ekki að ljúga.

- Höndin þarf að vera hröð og örugg en aldrei stífna, aldrei taka yfir.

Hvítur pappír og blek eru hér í aðalhlutverki en „monochrome“ hefur verið stöðugur þráður í listsköpun Victors; ekkert ákveðið fyrirfram og viðfangsefninu leyft að birtast sem samtal. Sterk tenging í vinnuferli sem og miðli við hin búddísku fræði „Hitzuendo“ þar sem fyrir hvert blað er aðeins ein tilraun til að skapa með penslinum; hver stroka sem spor eftir veru þess sem setti hana á blað.

Póra Sigurðardóttir

„Teikningar Póru leiða áhorfandann í ferðalag þar sem efni og form hafa umbreytt í samhengi sínu við umheiminn. Líta má á teikningar Póru sem ferli umbreytinga sem tengjast niðurbroti efnisins og úrvinnslu holdsins sjálfs á efnahvörfum líkamans. Verkin kallast á við stund og stað, hér og nú, orsök og afleiðingu.“

Úr texta Helgu Þórsdóttur um verk Póru í sýningarskrá RÁS 2014.

Unnur: “I believe that all people are connected. The main emphasis of *Endurvarp* (e. reflection) is the connections that the artwork can spark within the viewer as well as the connections created between two individuals when together they explore the mirror boxes.”

The act of painting a picture void of colours is like a battle. The ink violently smears the white paper and the surface neither forgives hesitation nor doubt. The paper best accepts the primal urges like laughter; when everything has been stripped away, there's no point in lying. The hand must be quick and steady but never stiffen, never take over.

Here, white paper and ink are in the lead. ‘Monochrome’ is a regular feature in Victor’s art creation; nothing is decided in advance and the subject is allowed to appear as a conversation. There’s a strong connection between his method and media and the Buddhist Hitsuzendō philosophy, where for each piece of paper there is only one attempt to create with the paintbrush; each stroke like the footprint of the person making it.

“Póra’s drawings take the viewer on a journey where materials and forms have transformed in context with the world around it. One can consider Póra’s drawings as a process of transformation, which is connected with the decaying of the material and processing of the flesh in line with the body’s chemical reaction. Her works reference time and place, here and now, cause and consequence.”

From Helga Þórsdóttir’s text about Póra’s work in the catalogue for RÁS 2014.

Póra Sólveig Bergsteinsdóttir

Í listinni hefur Póra Sólveig rannsakað líkama, hreyfingu og náttúru, síðan hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2004. Hún gerir m.a. verk sem fást við andlega og líkamlega nærveru og tengsl manns og náttúru. „Ég hef alltaf verið í náinni snertingu við náttúruna og þetta samband er kjarninn í starfi mínu sem listamaður,“ segir Póra Sólveig. Verk hennar samanstanda af gjörningum, myndböndum, ljósmyndum og innsetningum.

Þórarinn Blöndal

Áform um “Road Thriller” vaknaði enn og aftur síðastliðið vor. Sýningin *Staðsetning* í 002 gallerí í Hafnarfirði var síðan eins konar vegvísir að þeim leiðangri sem nú er hafinn. Gamalkunn árátta og þrá eftir hinu óvænta ráða mestu um hvert skal haldið. Skimað verður eftir frummyndum, leitað eftir slóðum og myndvísum sem breyta fôr. Farangur er um margt kunnuglegur, mikill að umfangi og margþvældur. Bætt verður í á hverjum stað og hlaðið utan á farartækið sem þannig verður hýsill tákmynda og vegvísa.

Í fyrsta áfanga lá leiðin í Alþýðuhúsið á Siglufirði þar sem farangur var endurskipulagður og nýjir hlutir fengu pláss. Fór vel á því að næsti stoppistaður væri Listasafnið á Akureyri og maníur gærdagsins endurvakna.

Þórgunnur Oddsdóttir

Allt er efniviður. Minningarnar í höfðinu, sögurnar í heita pottinum, greinarnar á göngustígnum og dótið sem enginn man lengur hvaðan kom. Allt er eitthvað. Og allt hefur möguleika á að verða eitthvað allt annað: sena í nýrri sögu sem þó er ævagömul. Glænýr vitnisburður um hverfulleikann.

Since graduating from the Iceland Academy of the Arts in 2004, Póra Sólveig has examined the body, movement and nature in her art. She creates artworks which feature mental and physical presence and the connection between man and nature, among other motives. “I have always been in close connection with nature and this relationship is the core of my work as an artist,” Póra Sólveig says. Her works comprise of performance art, videos, photographs and installations.

Plans for “Road Thriller” awakened once again last spring. The exhibition *Staðsetning* in Gallery 002 in Hafnarfjörður was some kind of road sign for this journey that is now underway. An old compulsion and yearning for the unexpected is the main incentive for determining where to go. The baggage is familiar: extensive, bruised and battered. At each stop something is added, loaded onto the vehicle, which thereby becomes a host for symbols and signposts.

In the first phase the road led to Siglufjörður where the baggage was reorganized and space made for new things. Appropriately the next stop was in Akureyri Art Museum and yesterday’s manias are revived.

Everything is material. The memories inside the head, the stories in the hot tub, the twigs on the path and the stuff which no one remembers from where it came anymore. Everything is something. And everything has the potential to become something else: a scene in a new story, which is also ancient. A brand-new testimony to impermanence.



Listasafnið á Akureyri / Akureyri Art Museum

Kaupvangsstræti 8-12, 600 Akureyri

www.listak.is

